

Eiríkur Rögnvaldsson:

Málstefnan í nútíð og framtíð

Í þessu blaði á að ræða íslenska málstefnu. Það er best að ég geri í upphafi grein fyrir því hvernig ég skil þetta hugtak. Ég skil það sem markaða stefnu stjórnvalda (af einhverju tagi) um það hvernig skuli kenna og fara með íslensku á opinberum vettvangi, a.m.k. í skólum og fjölmíðlum ríkisins. Það eru fjögur atriði sem ég ætla að ræða í þessu sambandi:

- (1) Hver er stefnan?
- (2) Hvað er athugavert við hana?
- (3) Hvernig ætti hún að vera?
- (4) Hver á að móta hana?

1. Um fyrsta atriðið er það að segja, að stefnan hefur, að svo miklu leyti sem hún hefur verið til, verið skipulagslaus fhalðssemi. Vissulega hefur verið ýtt undir nýyrðasmíð og lögð áhersla á mikilvægi hennar. En þar hefur komið til, að minu mati, alltof mikil tregða til að taka upp erlenda stofna eða hreinlega búa til nýja. Þess vegna hefur nýyrðasmíðin í alltof miklum mæli falist í því að

búa til nýjar og nýjar samsetningar. Nú er auðvitað ekkert nema gott um samsett orð að segja, utan það að þeim hættir til að verða sífellt lengri og lengri (sjá t.d. Sigurð Jónsson 1984), og þar með óþjálli og ólísklegri til að öðlast hylli almennings. Ég get þess vegna ekki annað en haldið því fram að íslensk nýyrðasmíð hafi lengi verið á villigötum, og sé reyndar komin í algerar ógöngur. Auðvitað er vandalaust að benda á margar gleðilegar undantekningar, en ekki þarf annað en líta í þau nýyrðasöfn sem hér hafa verið gelin út á undanförnum áratugum til að sjá hve lítið af þeim orðum sem búin eru til nær raunverulega fótfestu. Eitt af því sem veldur þessu er tregða þeirra sem móta nýyrðastefnuna til að viðurkenna ágæt orð, bara vegna þess að þau eru ekki „rétt“ mynduð. Í Nýrðum 2 er t.d. orðið áburðardreifir í stað áburðardreifari, sem allir nota. Það bykir nefnilega ekki nógu gott að mynda orð með -(a)ri af öðrum sögnum en þeim sem enda á -aði í þátið. Þá þykja orð



eins og virkni ekki nógu góð, því að orð með -ni má aðeins mynda af lýsingarorðum eða lýsingaráttum sem enda á -in(n) (sjá t.d. Halldór Halldórsson 1984). Og svo mætti lengi telja.

En það sem ég átti fyrst og fremst við með skipulagslausri fhalðssemi var að í baráttunni gegn málbreytingum virðist það næsta tilviljanakennt hverju er barist gegn og hvað sleppur. Mér er t.d. alls ekki ljóst hvers vegna lögð er áhersla á „rétt“ beygingu orða eins og læknir, en orð eins og köttur, fjörður og háttur mega vera ketti, firði og hætti í þf.ft. Og af hverju má sleppa athugasemðalaust aðgreiningi tvítölu og fleirtölu, þótt barist sé við að kenna þjóðinni fornafnið hvortveggi (sem sagt er „forældet“ í orðabók

Blöndals) og beygingu þess? Af hverju má orðið **sími** fara að merkja 'telefón' í stað 'þráður', en sögnin **dingla** má ekki fara að merkja 'hringja'? Manni er líka sagt að það megi ekki segja **lita við** í merkingunni 'koma við' eða 'lita inn', því að **lita við** merki 'lita um öxl'; en af hverju má þá nota **koma við** í merkingunni 'lita inn', þó að **koma við** merki líka 'snerta'?

2. Látum nú samt svo sem málstefnan sé skýr og skipuleg „fastheldni á fornar hefðir“. Það er bara ekki nóg. Ég held nefnilega að hún sé hvort eð er óframkvæmanleg vegna þeirra þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa undansfarin 40 ár. Þar verður að nefna a.m.k. fjögur atriði. Fyrst er það að börn læra nú mál sitt að talsverðu leyti af öðrum börnum, en áður lærdú þau mál ið mest af fullorðnu fólki: foreldrum sínum, og jafnvel öfum og ömmum. Þar munar strax a.m.k. einni kynslóð, og er augljóst hver áhrif það hlýtur að hafa á hraða málbreytinga.

Annað atriði er að áður fyrr var reynsluheimur barnanna að miklu leyti sá sami og fullorðna fólkssins. Þegar þjóðin bjó í sveitum voru börnin með fullorðnu fólki við allt sem það tók sér fyrir hendur. Þau lærdú því strax að tala um flesta hluti sem fullorðna fólkid talaði um. Nú er þetta allt öðruvísí, eins og allir vita: börnin eru í skóla, dagheimili, leikskóla, á Duran-Duran hátið eða að leika sér með félögum sínum innan húss og utan; foreldrarnir eru á vinnustöðum, skemmtunum, í skóla, að byggja o.s.frv. Börnin þurfa því að tala um ýmislegt sem foreldrarnir taka líttinn sem engan þátt í, en á hinn böginn fást foreldrarnir við sitthvað sem börnin koma ekki nálægt og læra því lítið að tala um. Það er væntanlega öllum ljóst hvernig þetta

hlýtur að ýta undir málbreytingar. Þar er auðvitað einkum um að ræða breytingar á orðaforða, en þær draga vissulega dílk á eftir sér; ef menn vantar orð yfir það sem þeir ætla að tala um, kostar það oft vandræðalegt hik, kauðalegar umordanir, margorðar útskýringar o. s. frv.

Í þriðja lagi er það svo að málid er að ýmsu leyti ekki eins þýðingarmikið og það var; myndin hefur komið í stað þess að nokkru leyti. Í stað þess að lesa eða hlusta skoða börnin nú myndasögur, horfa á sjónvarp eða vídeó. Pessum myndum fylgir oft erlent tal; og þótt íslenskur texti sé með, er það oft vafasamur ávinnungur, svo oft sem þar er um að ræða slæmar þýðingar. Þetta leiðir til þess að myndin verður aðalatriði, málid í besta falli eins konar hækja með henni.

Í fjórða og síðasta lagi skal ég svo nefna erlend áhrif. Það er augljóst að þau eru nokkur, en ég held að oft sé gert of mikið úr þeim. Við megum ekki gleyma því að þau mál sem oftast er talað um í þessu sambandi,

danska og þó einkum enska, eru skyld íslensku; þótt sama þróun verði í þeim, þarf ekki endilega að vera um að ræða áhrif eins þeirra á annað, heldur getur verið um að ræða sams konar aðstæður í þeim öllum, sem kalli á sams konar þróun.

Auðvitað er ég hér ekki að segja neitt nýtt – þetta vita allir. En af einhverjum ástæðum virðist svo sem málstefnan hafi ekkert mið tekið af þessu. Það dugar nefnilega ekki að hafa skýra stefnu – það þarf líka einhverja hernáðaráætlun („strategíu“) um það hvernig eigi að framkvæma hana. Það kann að hafa verið hægt að berja niður „flámaðið“ á sínum tíma (þótt það hafi nú e.t.v. ekki tekist eins vel og oft er haldd fram), en það var í upphafi þess 40 ára tímabils sem öllu hesur breytt á Íslandi, og segir ekkert til um það hvort slík baráttu bæri árangur í dag.

3. Snúum okkur þá að næstu spurningu; hver stefnan eigi að vera – ef einhver. Ég held að eitt það brýnasta í sambandi við móturn eða endurskoðun ís-

lenskrar málstefnu sé að greina milli aðalatriða og aukaatriða. Það er í mínum augum algert aukaatriði t.d. hvort sagt er **mér** eða **mig** langar, **hitta** lækninn eða **læknirinn**, vera eins og **pabbi** hans eða **pabbi sinn**, **tala við hvorn annan** cða **hvor við annan**, **hjá hvorumtveggju** eða **hjá háðum**, kýr eða kú. Og það er rétt að segja það hreint út: Ég tel baráttu við „þágufallssýki“, „sitthvorn“, „læknira“ og annað af því tagi óþarfa, ef ekki beinlínis skaðlega. Ég sé ekki betur en hún geti skapað málfarslega stéttaskiptingu. Nú veit ég vel að hinu gagnstæða er haldið fram, og sagt að skólkennslan miði einmitt að því að jafna út þann mun sem stafar af mismunandi máluppeldi á heimilum. En sú röksemd er hæpin af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi bendir margt til þess að kennslan dugi ekki – fyrrgreindur munur haldist eftir sem áður. Og þá verða áhrif kennslunnar ekki önnur en þau að innræta nemendum að t. d. „þágufallssýki“ sé röng, og fær þá þar með – meðvitað eða ómeðvitað – til að líta niður á hina „sjúku“. Í öðru lagi byggist þessi röksemd á því að eitt afbrigði sé í raun og veru æskilegra en annað – sem ég er ekki tilbúinn til að fallast á nema sjá fyrir því einhver rök – önnur en þau að allar breytingar séu óæskilegar í sjálfu sér. Og þau eru alltof sjaldséð á þessum vígstöðvum.

Hins vegar skiptir það mál að þjóðin sé læs og skrifandi, og að málkerfið haldist óbreytt í aðalatriðum. Þar er það líklega beyingakerfið sem við þurfum að beina athyglinni að. Það er vegna þess að eins og allir vita hafa beytingar minnkað mikið í flestum skyldum málum, og mætti því búast við tilhneigingu til sömu þróunar í íslensku. Það væri mikill skaði – ekki vegna þess að málid yrði eitthvað ljót-

ara eða ófullkomnara við missi beytinganna, heldur vegna þess að þá er hætta á að við myndum missa tengsl við allt sem hefur verið skrifað í landinu. Það er reyndar ekki gott að sjá að hve miklu leyti slíkt myndi gerast, og líklega myndi missir sjálfrá beytingarendinganna ekki vera aðalatriðið í því máli, heldur þær breytingar aðrar sem óhákvæmilega hlytu að fylgja í kjölfarið á setningagerð og e.t.v. hljóðkerfi.

Það er ekki margt sem bendir til að beyingakerfið sé á verulegu undanhaldi, þótt nefna megi að fjölgun óbeygðra orða, einkum lýsingarordá eins og **næs** eða allra -ó-ordanna geti bent í þá átt. Vissulega eru töluverðar hreyfingar á orðum milli beytingarflokka, og ný orð fara ekki í ákveðna flokka; en það gerir beyingakerfinu sjálfu varla til.

Til að varðveita beyingakerfið duga engin bod eða bönn. Það eina sem dugar er æfing í að lesa, tala og skrifa íslensku. Það þarf að tengja betur málfræði- og bókmenntakennslu – stílfræði er brúkleg til þess. En auðvitað vantar betri kennslubækur, og auðvitað er það hlutverk okkar málfræðinga að skrifa þær.

Í fjölmöldum á að leggja áherslu á fræðslu í stað fordóma. Pregar ég sá um þáttinn **Daglegt mál** í útvarpinu sl. summar, reyndi ég að fylgja þessari stefnu. En því miður eru stjórnendur þáttarins oft dálitið gefnir fyrir að fordæma án þess að fræða, og ég skal viðurkenna að það er oft mikil freistung; það er einfaldara og kostar minni undirbúning. Þar að auki veit ég það að mörgum þykja þeir stjórnendur bestir sem lagnastir eru við að draga aðra sundur og saman í háði fyrir ambögur. Ég er samt sem áður enn á þeirri skoðun að mikilvægast sé að fá fólk til að hugsa um móðurmál sitt og málfar, og það verði ekki gert með boðum

og bönnum. Þess vegna held ég að sú aðferð sem beitt var í at-hugasemdunum **Gætum tungunnar** í blöðunum, sem Bókmennntafelagið gaf svo út í veturn, að flytja skýringalítill boð eða bönn, sé ákaflega vond. Að vísu er þar sagt í formála að rétt hafi verið talið að „fara sem næst þeim bendingum sem íslenskar mædur hafa löngum gefið börnum sinum“. En það að leiðréttá börn á málþokuskeiði annars vegar og leiðbeina unglungum og fullorðnu fólk í skólum eða fjölmöldum hins vegar er tvennt ólikt, þar sem sömu aðferðir eiga alls ekki við.

Sjálfsgagt munu ýmsir telja að sú aðferð sem ég mæli með sé hægvirk eða jafnvel alveg gagnlaus. Og kannski er það rétt. Ég held því hins vegar fram að hin leiðin, að dæma allt rétt eða rangt, sé ekki bara verri, heldur alveg lokuð. Bæði held ég að hún leiði ekki að markinu; og jafnvel þó hún gerði það, tel ég hana ekki raunhæfan kost af félagslegum ástæðum, þar eð hún muni sennilega leiða til aukinnar málfarslegrar stéttaskiptingar (sjá Ástu Svavarssdóttur 1982, Ástu Svavarssdóttur, Gísla Pálsdóttir og Pórólf Pórlindsson 1984, Eirík Rögnvaldsson 1983). Við eignum því að hætta að stagla í skólunum um aukaatriðin, bæði þau sem ég nefndi hér að framan og öll hin, en nota tímann þess í stað til að þjálfa nemendur í að lesa og að setja mál sitt skýrt og skipulega fram í ræðu og rit. Með því móti einu getum við varðveitt málid sem lifandi og frjótt tjáningartæki, sem er auðvitað það sem mestu mál skiptir.

4. Eitt af því undarlega og skipulagslausa við íslenska málstefnu er að enginn veit í raun og veru hver mótar hana. Í grundvallaratriðum er stefnan líklega mótuð af málvöndunarmönnum

á 19. öld. En það vekur dálitla undrun í sambandi við þetta hversu oft málvöndunarmenn skjóta sér á bak við einhver ótilgreind yfirvöld, í stað þess að taka sjálfir ábyrgð á fullyrðingum sínum. „Sumir segja fremur . . .“, „ýmsir telja . . .“ „betra þætti . . .“, „réttara er talið . . .“ (sjá t.d. **Gætum tungunnar**). Ég hef oft velt því fyrir mér við hverja sé átt í slíkum tilvikum. Varla er það íslensk málnefnd, því að mér er ekki kunnugt um að hún hafi sent frá sér margar yfirlýsingar um rétt og rangt. Það sem ég þykist hafa komist næst er að þarna sé fyrst og fremst vísað til eigin fordóma viðkomandi málvöndunarmanns, sem oftast eiga þá rætur að rekja til þess sem hann er alinn upp við (sjá Eirík Rögnvaldsson 1984).

Það ætti að vera ljóst af framsögdum að ég vil ekki hafa neinn dómkostl sem geti dæmt eitt rétt en annað rangt. Þegar spurt er hvort tiltekið atriði sé rétt eða rangt vil ég ekki svara því beint. Ég vil geta frætt fyrirsprjanda um sem flest sem máli skiptir í þessu sambandi, s.s. hvað sé elst, hvað sé út-

breiddast, hvaða atriði séu hliðstæð í málinu o.s.frv.; sem sagt, gefa fyrirsprjanda sem flestar forsendar til að byggja sitt eigið val eða dóm á.

En vissulega getur verið nauðsynlegt að hafa einhvern tiltekinn staðal til að miða við í kennslu, og einhver þarf að móta þann staðal. Það hlýtur að verða gert í samvinnu Íslenskrar málnefndar, Háskólangs, Kennaraháskólangs, námstjórans í íslensku og e.t.v. fleiri aðila. Slík samvinna hefur mér vitanlega ekki verið fyrir hendi, a.m.k. ekki á neinum fóstum og formlegum grunni. Pessir aðilar gætu þá lagt í sameiningu meginlinurnar um kennslu móðurmálsins og meðferð þess í fjöldiðum. Par skiptir mestu máli að byggt sé á tvennu: Traustum rannsóknum á nútínamáli annars vegar og fordómaleysi og umburðarlyndi hins vegar.

Heimildir:

Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Págufallssýki“. Breytingar á fallnotun í frumlagssæti ópersónulegra setninga. *Íslenskt mál* 4:19–62.

Ásta Svavarsdóttir, Gísli Pálsson og Þórólfur Þórlindsson. 1984. Fall er fararheill. *Íslenskt mál* 6:33–55.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1983. Págufallssýkin og fallakerfi íslensku. *Skíma* 6.2. 3–6.
— 1984. Af rökréttu máli. *Skíma* 7.2; 2–4.

Gætum tungunnar. Hið íslenzka bókmennatafélag, Reykjavík, 1984.

Halldór Halldórsson. 1984. Íslenzk orðmyndun. Margra kosta vol. **Norrænt timarit um fagmál og íförd** 2.2.

Nýrröi 2. Sjómannska – landbúnaður. Dr. Halldór Halldórsson tók saman. Leiftur, Reykjavík, 1954.

Sigfús Blöndal. 1920 – 1924. **Íslensk-dönsk orðabók**. Reykjavík. Sigurður Jónsson. 1984. Af hassistum og kontóristum. *Íslenskt mál* 6:155–166.

Eiríkur Rögnvaldsson cand. mag. er stundakennari við Háskóla Íslands.